

VERKEFNI

NÝJA PLÁNETAN OKKAR

Í verkefninu útbúa nemndur sinn eigin mannréttinasáttmála sem þeir svo bera saman við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

MARKMIÐ

1. Að nemendur geti greint hvað sé þeim mikilvægt þegar kemur að réttindum fólks.
2. Að nemendur kynni sér Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
3. Að nemendur fái þjálfun í að taka þátt í rökræðum, hlusta á aðra og bregðast við með rökum.
4. Að efla gagnrýna hugsun um samfélagið, stjórnkerfið, ábyrgð, réttindi og skyldur (Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti/2011).
5. Að efla lýðræðislegt gildismat, mikilvæga þætti eins og umhyggju fyrir fólki, dýrum og umhverfi sem heyra undir lýðræðismenntun og eiga heima í öllum námsgreinum (Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti/2011).
6. Að efla virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti (Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti/2011).

LENGD

70 MÍNÚTUR

ALDUR

10+

UNDIRBÚNINGUR

- Tússtafla eða flettitafla, tússpennar
- Pennar og blöð fyrir hvern hóp
- Eintök af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna fyrir hvern hóp

ÞETTA VERKEFNI ER Í TVEIMUR SKREFUM:

1. Mannréttindi á nýrri plánetu (45 mínútur)
2. Réttindi tengd Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (25 mínútur)

SKREF 1: MANNRÉTTINDI Á NÝRRI PLÁNETU

Hópavinna (20 mínútur)

- Nemendum er skipt í litla hópa og síðan er eftirfarandi atburðarás lesin:

„Ný pláneta sem býður upp á kjöraðstæður til búsetu hefur fundist í sólkerfinu. Enginn hefur búið þar áður og því eru engin lög, engar reglur né saga til staðar. Þið komið til með

að nema land á plánetunni og eruð í hópi þess fólks sem kemur til með að setjast þar að. Þið hafið verið valin til að skrifa mannréttinasáttmála fyrir nýja heimilið. Þið vitið ekki hver ykkar staða eða hlutverk í hinu nýja þjóðfélagi kemur til með að vera.“

- Hóparnir eru beðnir um að finna nafn á plánetuna og ákveða tíu réttindi sem koma til með að vera til staðar fyrir alla ábúendur hennar.

Allir (15 mínútur)

- Eftir 20 mínútur er hver hópur beðinn um að fara yfir þau tíu réttindi sem eru í mannréttinasáttmála nýju plánetunnar. Þegar hóparnir fara yfir sáttmálana sína eru réttindin jafnóðum skrifuð upp á töflu á nýjan aðallista (annað hvort getur kennari gert þetta eða fengið nokkra nemendur til verksins). Gott er að flokka réttindin til að aðgreina ólík réttindi og sameina svipuð réttindi. Gott er að flokka réttindin á eftirfarandi máta: borgaralega og stjórnmálaleg réttindi annars vegar og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi hins vegar.

Ígrundun (10 mínútur)

- Þegar hingað er komið er gott að gefa öllum hópnum tækifæri til að ræða aðallista mannréttinasáttmálans og eftirfarandi spurningar:
 1. Hvernig ákváðu þið hvað ætti heima í sáttmálanum?
 2. Væri í lagi að undanskilja einhver réttindin á aðallistanum?
 3. Vantar einhver mikilvæg málefni í sáttmálann?

SKREF 2: RÉTTINDI TENGD MANNRÉTTINDAYFIRLÝSINGU SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Hópavinna (10 mínútur)

- Hver hópur ber nú réttindin á töflunni við greinar Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Sum réttindin gætu tengst fleiri en einni grein á meðan önnur eru alls ekki í mannréttindayfirlýsingunni.

Allir (10 mínútur)

- Næst kynna hóparnir niðurstöður sínar og eru númer greina mannréttindayfirlýsingarinnar skrifuð við hlið þeirra réttinda sem eru á aðallistanum á töflunni.
- Gott er að hver hópur fari aðeins yfir 2-3 greinar/réttindi svo að allir hópar fái tækifæri til að para réttindin saman. Einnig er gott að hóparnir lesi upp þær greinar mannréttindayfirlýsingarinnar sem þeir para saman við réttindin á töflunni svo að skýrt sé að þau fari saman.

Ígrundun (10 mínútur)

- Í lokin er gott að hópurnir ræði eftirfarandi spurningar:
 1. eru einhver réttindi á listanum sem ekki eru í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna?
 2. eru einhver réttindi mannréttindayfirlýsingarinnar sem vantar í mannréttinasáttmála nýju plánetunnar?
 3. Hvaða hafið þið lært af verkefninu?